

- 4. mál** Fundargerð forsætisnefndar frá 29. janúar
- Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 25. janúar
- Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 12. janúar
- Fundargerð leikskólaráðs frá 20. janúar
- Fundargerðir mannréttindaráðs frá 7., 21. og 28. janúar
- Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 25. janúar
- Fundargerð menntaráðs frá 27. janúar
- Fundargerð skipulagsráðs frá 27. janúar
- Fundargerð velferðarráðs frá 27. janúar

Hermann Valsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Mig langar aðeins að fara hérna í fundargerðir og þá aðallega tvær þeirra, það er mannréttindaráð frá 28. janúar, 2. liður fjallar um einelti og viðbragðsáætlanir sem var ágætis úttekt unnin af mannréttindaskrifstofu. En það minnti mig á annað og annað sem ég saknaði í raun og veru úr fundargerðum mannréttindaráðsins, sem er umfjöllun okkar um eineltisdag sem að við samþykktum hér í borgarstjórn og var vísað til mannréttindaráðs og hefur ekki komið fram. Ég varpa þeirri spurningu fram: Hvar er það mál státt í augnablikinu?

Síðan í sambandi við menntaráð frá 27. janúar, 3. liður; lagt er til að stofnaður verði skóli í Úlfarsárdal sem ég hef akkúrat ekkert við að athuga enda var ég nú einn að þeim sem barðist fyrir því að það yrði eins og það lítur út fyrir að vera. En á fundi leikskólaráðs 20. janúar vorum við líka með þessa tillögu fyrir okkur, þá gerði ég margháttaðar athugasemdir við skólahaldið og vildi bara minna á það hér og þá sérstaklega beina orðum mínum til Kjartans Magnússonar, þar sem að er vísað ansi mikið í bókun 5 í kjarasamningi kennara sem að ekki kemur fram, en þetta er í kjarasamningi kennara. Minna formann menntaráðs á það að þetta er ekki til í kjarasamningi leikskólakennara og því kannski viðkvæmt að vera að tala um þetta á þessum nótum, þar sem að fólk á að vera að vinna hlið við hlið og af gefinni og fenginni reynslu að þá held ég að það sé algjörlega nauðsynlegt að vinna þetta með fulltrúum leikskólanna og þeirra kjarasamtökum. Ég vildi bara koma þessu á framfæri þannig að menn hefðu þetta að leiðarljósi að bókun 5 er bara ákveðin hugmynd eða ákveðið tækifæri og er mjög ólík eftir því í hvaða skólum hún er tekin upp. Þannig að vera að birta þetta einhvern veginn svona og ekkert meira með því í hverju það er fólgið, það er hálfgerð villa. Sem sagt aðallega vil ég fá svar við því hvað líður málefni okkar sem að við vorum að fjalla um „Dagur án eineltis í borginni“.

Bstj. 2. febrúar 2009

Forseti: Borgarfulltrúi Hermann Valsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir.

- 4. mál** Fundargerð forsætisnefndar frá 29. janúar
Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 25. janúar
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 12. janúar
Fundargerð leikskólaráðs frá 20. janúar
Fundargerðir mannréttindaráðs frá 7., 21. og 28. janúar
Fundargerð menningar- og ferðamálaráðs frá 25. janúar
Fundargerð menntaráðs frá 27. janúar
Fundargerð skipulagsráðs frá 27. janúar
Fundargerð velferðarráðs frá 27. janúar

Marta Guðjónsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég þakka borgarfulltrúa Hermanni Valssyni fyrir þessa spurningu. Vinna að eineltismálum gengur vel. Fyrir borgarráði liggur á fimmtudaginn tillaga um eineltisdaginn og jafnframt ráðstefna í samstarfi við hagsmunasamtök og þá sem vinna að baráttunni gegn einelti, því er til að svara við þessari fyrirspurn.

Forseti: Borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er þá umræðu lokið.